



Reykjanesbær, 3. maí 2024

675. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
7. maí 2024, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 18. og 24. apríl og 2. maí 2024 (2024010003)
2. Fundargerðir umhverfis- og skipulagsráðs 19. apríl og 3. maí 2024 (2024010213)
3. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 18. apríl 2024 (2024010206)
4. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 24. apríl 2024 (2024010212)
5. Fundargerð sjálfbærnisráðs 26. apríl 2024 (2024010210)
6. Breytingar á skipan fulltrúa í atvinnu- og hafnarráði (2024010091)
7. Vefstefna Reykjanesbæjar 2024-2027 - síðari umræða (2023060380)
8. Samþykkt um bílastæðasjóð Reykjanesbæjar - síðari umræða (2022100414)
9. Fráveitusamþykkt Reykjanesbæjar - síðari umræða (2024030272)
10. Ársreikningur Reykjanesbæjar 2023 - síðari umræða (2024040127)



Fundargerð

1463. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
18. apríl 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Byggingarréttur - innviðagjöld (2024010545)
Haraldur Sverrisson ráðgjafi mætti á fundinn. Kynntar tillögur að innviðagjöldum.
2. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2023 (2024040127)
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.
Umræður um drög að ársreikningi Reykjaneshæjar 2023.
3. Fjármögnun bæjarsjóðs (2024040272)
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Bókun bæjarráðs:

Bæjarráð Reykjaneshæjar samþykkir að óska eftir skammtímafjármögnun allt að kr. 1.500.000.000,- með lokagjalddaga þann 31. desember 2024.

Er fjármögnunin ætluð til að brúa bil þar til tekjur vegna lóðaúthlutana berast sveitarfélaginu og svo lántöku til lengri tíma á síðasta ársfjórðungshluta ársins. Sveitarfélagið hefur áætlað að fjárfesta bæði með nýframkvæmdum og breytingum/viðgerðum á mannvirkjum sem eru undir starfsemi grunn- og leikskóla og íþróttamannvirkja. Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem samþykkt var 12. desember 2023 af bæjarstjórn er gert ráð fyrir að bæjarsjóður fjárfesti/framkvæmi fyrir 4.8 milljarða og eins var gert ráð fyrir lántöku í áætluninni.

Jafnframt er Regínu Fannýju Guðmundsdóttur, kt. 131169-3379, fjármálastjóra og prókúruhafa, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánaskjöl f.h. sveitarfélagsins sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

4. Verkmenntaaðstaða í Fjölbrautaskóla Suðurnesja - samningur um fjármögnun (2024010257)
Lagður fram samningur um viðbyggingu fyrir verknámsstöðu við Fjölbrautarskóla Suðurnesja.
Bæjarráð samþykkir 5-0 framlagðan samning.
5. Húsnæði Keilis – Grænásbraut 910 (2023030333)
Umræður um húsnæði Keilis. Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.
6. Fundargerð verkefnastjórnar flutnings Bókasafns Reykjanesbæjar 4. apríl 2024 (2024040074)
Lögð fram til kynningar fundargerð verkefnastjórnar vegna flutnings Bókasafns Reykjanesbæjar.
7. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 9. apríl 2024 (2024010179)
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.
8. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 10. apríl 2024 (2024010205)
Lögð fram til kynningar stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
9. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 11. apríl 2024 (2024030007)
Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.
10. Umsagnarmál í samráðsgátt (2024010258)
 - Breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - umsögn Samtaka orkusveitarfélaga
<https://orkusveitarfelog.is/wp-content/uploads/2012/12/Umsogn-Samtaka-orkusveitarfelaga-um-aform-um-breytingu-a-logum-um-verndar-og-orkunytigaraaetlun.pdf>Umsagnarmál lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20



Fundargerð

1464. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
24. apríl 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Helga María Finnbjörnsdóttir og Margrét A. Sanders.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Valgerður Björk Pálsdóttir boðaði forföll, Helga María Finnbjörnsdóttir sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkir samhljóða að tekið yrði á dagskrá Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - Iceland Campers ehf., Hólmeigsbraut 5 (2024030599). Fjallað er um málið undir dagskrárlíð 11.

* * *

1. Samgöngustefna Reykjaneshæjar (2023040373)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála og Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi mættu á fundinn.

Lagt fram erindi þar sem óskað var eftir heimild að hefja undirbúning á útboði almenningsamgangna í Reykjaneshæ.

Bæjarráð samþykkir erindið og felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni, Gunnari Ellert Geirssyni og Önnu Karen Sigurjónsdóttur að vinna áfram í málinu.

2. Stapaskóli - 2. áfangi (2019051608)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Jón Ólafur Erlendsson eftirlitsmaður mættu á fundinn.

Lögð fram framvinduskýrsla um 2. áfanga Stapaskóla.

3. Leikskólinn Drekaadalur (2022100203)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lagður fram viðauki við samning milli Hrafnsból og Reykjaneshæjar vegna byggingu leikskólans Drekaadal.

4. Þróunarsvæði Höfnum - niðurstaða útboðs (2024010562)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn.

Lögð fram drög að samkomulagi um þróunarsvæði Höfnum.

Bæjarráð samþykkir samkomulagið og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita fyrir hönd Reykjaneshæjar.

5. Beiðni um endurnýjun gervigrass í Reykjaneshöll (2024040397)

Hafþór Birgisson íprótta- og tómsfundafulltrúi mætti á fundinn.

Lögð fram beiðni um að flyta útskiptingu gervigrass í Reykjaneshöll.

Bæjarráð felur Hafþóri Birgissyni og Hafsteini Ingibergssyni að vinna áfram í málinu í samvinnu við Kristinn Þór Jakobsson innkaupastjóra.

6. Endurbætur á skólalóðum grunnskóla (2023010276)

Tekin fyrir bókun frá bæjarstjórnarfundum 16. apríl sl. þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi endurbætur skólalóða grunnskóla Reykjaneshöfnar.

Bæjarráð telur mikilvægt að forgangsraða því fjármagni sem gert var ráð fyrir í endurbætur á skólalóðum í fjárfestingaaætlun 2024 til þeirra skólalóða þar sem þörfin er mest. Skólalóðin við Stapaskóla er ný og þarfnast ekki úrbóta, verið er að vinna að úrbótum í Myllubakkaskóla og Holtaskóla og verða skólalóðirnar bættar samhliða því. Einhverjar úrbætur hafa verið gerðar við skólalóð Heiðarskóla.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum.

7. Ársreikningur Reykjaneshöfnar 2023 (2024040127)

Umræður um drög að ársreikningi Reykjaneshöfnar 2023.

8. Byggingarréttur - innviðagjöld (2024010545)

Lagt fram til kynningar og umræðu drög að tillögum að byggingarréttargjöldum.

Bæjarráð Reykjaneshöfnar samþykkir 5-0 að hefja innheimtu á gjaldi til að fjármagna hluta af nauðsynlegri uppbyggingu innviða, líkt og mörg af stærri sveitarfélögum landsins hafa gert um áráð, og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna tillögu að gjaldskrá og nánari útfærslu og leggja fyrir bæjarráð eins fljótt og auðið er.

Margrét A. Sanders (D) fór af fundi eftir afgreiðslu áttunda máls.

9. Landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi – breyting á skipan varamanns (2022060109)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður fer út sem varamaður, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs er skipaður í hans stað.

Bæjarráð samþykkir 5-0.

10. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Lóa ehf., Kópabraut 34 (2023110091)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki III-C. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjaneshöfnar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

11. Iceland Campers ehf., Hólmeigsbraut 5 (2024030599)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjaneshöfnar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

12. Fundargerð stjórnar Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur 1. mars 2024 (2024040365)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Almannaþingarinnar Suðurnesja utan Grindavíkur.

13. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 18. apríl 2024 (2024010176)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

14. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2024010059)

Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál

<https://www.althingi.is/altext/154/s/1338.html>

Frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál

<https://www.althingi.is/altext/154/s/1339.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25



Fundargerð

1465. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
2. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Unnar Steinn Bjarndal staðgengill bæjarstjóra, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshæjar 2023 (2024040127)

Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs og Þorgeir Sæmundsson deildarstjóri reikningshalds mættu á fundinn.

Kynnt voru drög að endurskoðunarskýrslu vegna endurskoðunar ársreiknings Reykjaneshæjar fyrir árið 2023.

Bæjarráð lýsir yfir óánægju með hversu seint endurskoðunarskýrslan barst Reykjaneshæ og mun framvegis óska eftir að henni verði skilað fyrir í ferlinu.

2. Byggingaréttur - innviðagjöld (2024010545)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs og Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samþykkt um gjaldtöku innviðagjalda í Reykjaneshæ.

Bæjarráð felur Gunnari Kr. Ottóssyni skipulagsfulltrúa og Erlu B. Gunnarsdóttur lögfræðingi umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu.

3. Fiskeldi á Reykjanesi - Eldisgarður (2021090022)

Halldór Karl Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað Gunnars Kr. Ottóssonar skipulagsfulltrúa og tillaga Halldórs K. Hermannssonar sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs vegna framkvæmda við uppbyggingu Samherja fiskeldis ehf. á Reykjanesi.

Bæjarráð felur Halldóri K. Hermannssyni að vinna áfram í málinu.

4. Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136)

Lagt fram erindi sem tekið var fyrir í sjálfbærni ráði 26. apríl 2024.

Reykjanesbær er ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum, Akureyri, Fjallabyggð, Reykhólahreppi og sveitarfélaginu Hornafirði þátttakandi í verkefni sem snýr að aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ásamt Veðurstofunni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannís, Samtökum atvinnulífsins og Bændasamtökunum eru að undirbúa styrkumsókn til LIFE-áætlunar Evrópusambandsins til innleiðingar á aðlögunaráætlun Íslands vegna loftslagsbreytinga. Sveitarfélögunum fimm sem eru þátttakendur í C10 hefur verið boðið að taka þátt í umsókninni.

Bæjarráð samþykkir að Reykjanesbær verði þátttakandi í umsókninni.

5. Vesturgata 14a (2024040480)

Lagt fram tilboð um kaup á fasteigninni Vesturgötu 14a.

Bæjarráð óskar eftir umsögn frá stjórn Eignasjóðs.

6. Forsetakosningar 2024 (2024010436)

Lagt fram bréf frá landskjörstjórn, upplýsingar til sveitarfélaga vegna forsetakosninga 1. júní 2024.

7. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 24. apríl 2024 (2024010212)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

8. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. apríl 2024 (2024010369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

9. Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 21. mars og 8. apríl 2024 (2024010259)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

10. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - Camper Iceland ehf., Klettatröð 15 (2024040215)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.

11. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2024010059)

Til umsagnar 930. mál - Lagareldi:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/154/930/?ltg=154mnr=930>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55



Fundargerð

336. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grófinni 2
19. apríl 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Jón Már Sverrisson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri byggingarfulltrúa og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Gunnar Felix Rúnarsson boðaði forföll og sat Jón Már Sverrisson fundinn í hans stað.

* * *

1. Hafnargata 12 - deiliskipulagsbreyting (2020040425)

Lóðarhafi, BLUE Fjárfestingar ehf., óskar eftir að breyta núgildandi deiliskipulagi á Hafnargötu 12, Reykjaneshæ.

Breytingin felst í nýrri ásýnd íbúðarhúsanna, með meira uppbroti, áherslu á útsýni til sjávar, stækkun garðrýmis og fjölgun íbúða, auk þess að stækka almenningsvæði og þjónustuhluta með sólríkum inngarði til suðvesturs í beinum tengslum við núverandi torg að Hafnargötu sbr. kynningaruppdrætti JeES arkitekta dags 9. apríl 2024.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við framlögð drög í samráði við skipulagsfulltrúa. Deiliskipulagstillagan innihaldi sólarlagsákvæði til samræmis við Vallargötu 7-11.

2. Dalshverfi - tillaga að fjölgun lóða fyrir sérbyllishús (2023080307)

Lögð eru fram drög að breytingu deiliskipulags með fjölgun lóða fyrir sérbyli í Dalshverfi.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að vinna tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í samræmi við framlögð drög í samráði við skipulagsfulltrúa.

3. Þróunarsvæði Höfnum - niðurstaða útboðs (2024010562)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. febrúar sl. var samþykkt að auglýsa þróunarsvæði Höfnum. Eitt tilboð barst innan auglýsts frests og óskað er heimildar til að semja við tilboðsgjafa á grundvelli framlagðra gagna. Lögð eru fram drög að þróunarsamningi.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir drög að samningi um þróunarsvæði Höfnum og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarráði.

4. Breyting á deiliskipulagi - Vogshóll-Sjónarhóll (2023100048)

Við breytingu á deiliskipulagi fjölga lóðum á skipulagssvæðinu úr 12 í 14. Breytingin nær til lóða 2-8 við Vogshól sbr. uppdrætti VSÓ dags. 10.11.2023. Heildarstærð lóða fer úr 227.160 m² upp í 317.690 m². Heildar hámarksbyggingarmagn fer úr 198.284 m² í 263.842 m². Vegna breyttrar legu mun fyrirkomulag og númer lóða breytast.

Áherslur breytingar á deiliskipulagi er í samræmi við landnýtingu skv. stefnu aðalskipulagsins. Ekki er gert ráð fyrir að umferðarmyndun verði mikil fyrir slíka starfsemi. Bílastæði verða innan lóðamarka hverrar lóðar.

Samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar er heimilt að byggja 120.000 m² á AT12. Þegar hafa verið byggðir 20.000 m². Því hefur uppbygging á Vogshól 2-6a forgang á nýtingu byggingarheimilda. Reykjanes mun vinna breytingu á aðalskipulagi til að auka byggingarheimildir á AT12. Afmörkun lóða Vogshóls 2-6a fer út fyrir afmörkun á AT12 svæði. Reykjanesbær auglýsir því samhliða óverulega breytingu á aðalskipulagi þar sem AT12 er stækkað til suðurs. Lóðir við Vogshól 2 - 6a hljóta forgang á nýtingu byggingarheimildar. Deiliskipulagsbreyting var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi. Aðalskipulagsbreytingin hefur verið samþykkt. Kynningartíma deiliskipulagsbreytingar er lokið. Umsagnir bárust.

Umsagnir sem bárust á auglýsingatíma gefa ekki tilefni til breytinga. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda deiliskipulagsbreytinguna til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

5. Aðaltorg M12 - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Sveitarfélagið Reykjanesbær hefur ákveðið að hefja vinnu við breytingartillögu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035. Breytingin felst í því að stækka landnotkunarreit Miðsvæði 12 (M12) til norðurs og austurs um 4,25 ha og auka heildarbyggingarmagn í 100.000 m² með heimild fyrir 450 íbúðum, þar af 138 þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara. Með breytingu þessari mun nýtingarhlutfall fara úr 0.2 í 0.6. Fyrirhugað stækkun tekur til skipulagssvæða M12 og OP9 norðan Aðalgötu, austan við Reykjanesbraut og vestan við Heiðarskólaverfi (ÍB1). Farið verður inn á opið svæði OP9 um 4,25 ha og miðsvæði (M12) verður 16,3 ha og mun deiliskipulagstillagan taka til ca. 14,5 ha af því svæði. Óskað er heimildar til að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi. Skipulagslýsing hefur verið auglýst, umsagnir bárust. Samantekt og viðbrögð við athugasemdum eru lögð fram.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að unnin verði vinnslutillaga aðalskipulags þar sem tekið verði tillit til viðbragða við innsendum athugasemdum.

6. Kalmanstjörn, Nesvegur 50 - breyting á deiliskipulagi (2020080234)

Samkvæmt greinargerð aðalskipulags „AT13 Fiskeldi við Hafnir“ er áfram gert ráð fyrir fiskeldi sunnan við Hafnir og ekki er gert ráð fyrir að byggingarheimildir taki til kerja undir berum himni. Fyrirhugað er að fjölga húsbýggingum á lóð Kalmanstjarnar, vegna þess þarf að auka leyfilegt byggingarmagn umfram það sem skilgreint er í töflu 4.1 í greinargerð. Þó að byggingarmagn aukist nokkuð þá hefur það ekki áhrif út fyrir lóðina. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða óverulegri breytingu á aðalskipulagi. Breyting á aðalskipulagi er samþykkt. Athugasemdir bárust við deiliskipulagstillöguna. Samantekt og viðbrögð við athugasemdum eru lögð fram.

Taka þarf tillit til innsendra athugasemda til samræmis við framlagða tillögu að viðbrögðum við athugasemdir. Erindi frestað.

7. Bolafótur - breyting á aðalskipulagi - skipulagslýsing (2020021002)

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi hefur verið auglýst. Umsagnir og athugasemdir bárust.

Athuga þarf betur skilmála aðalskipulags svæðisins. Erindi frestað.

8. Ásbrú rammaskipulag - vinnslutillaga og skipulagslýsing (2019050477)

Skipulagslýsing og vinnslutillaga voru auglýstar samhliða. Umsagnir og athugasemdir bárust.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að unnin verði tillaga að rammahluta aðalskipulags fyrir Ásbrú.

9. Njarðvíkurbraut 25 - fjölbýlishús (2024040268)

Tító ehf., eigandi einbýlishúss og bílskúrs að Njarðvíkurbraut 25, óskar eftir heimild umhverfis- og skipulagsráðs til að hanna og byggja fjögurra íbúða hús að Njarðvíkurbraut 25.

Með þeim fyrirvara að stigahús sé innbyggt og tekið verði betra tillit til götummyndar er samþykkt að senda málið í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2. Uppdráttur verði uppfærður í samráði við skipulagsfulltrúa fyrir grenndarkynningu.

10. Heiðarbraut 27 - leikskólinn Heiðarsel (2023120394)

Sótt er um leyfi til breytinga innan- og utanhúss á núverandi mannvirki, ásamt viðbyggingum, tveimur nýjum leikskóladeildum og stækkun á starfsmannaaðstöðu, sbr. uppdrætti Arkís arkitekta dags. 19. desember 2023. Í byggingunni verður starfræktur leikskóli fyrir 100 til 125 börn í 5 deildum. Hámarksfjöldi starfsmanna verður 30. Leikskólinn var 3 deildir fyrir 94 börn. Starfsmannafjöldi ræðst af starfshlutfalli þeirra svo óvíst er hvort þeim fjölgar eða fjöldinn haldist óbreyttur. Grenndarkynningu er lokið, athugasemdir bárust.

Bæta þarf úr bílastæðamálum við leikskólann. Erindi frestað.

11. Heiðartröð 554, 555 og 557 - uppskipting (2024030378)

Óskað er heimildar til að skipta fasteigninni í fleiri eignarhluta.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 3.

12. Reykjanesvegur - lokun (2023070035)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. júlí 2023 voru kynntar tillögur ungmennaráðs um betri gönguleiðir undir liðnum Umferðaröryggi íbúa Reykjanesbæjar. Fallist var á framkomnar tillögur. Sóknarnefnd Njarðvírkirkju sendir erindi dags 9. apríl 2024 og telur lokun Reykjanesvegur til suðurs óásættanlega og óskar eftir að umhverfis- og skipulagsráð endurskoði þessa ákvörðun og sú breyting sem verður gerð sé unnin í samvinnu við sóknarnefnd.

Lokun götunnar í samræmi við óskir ungmenna sem þekkja gönguleiðina er réttmæt ákvörðun en útfæra má lokunina betur. Starfsmenn umhverfis- og framkvæmdasviðs leggi fram tillögur að mögulegum lausnum.

13. Hafnagata 8 - lóðarumsókn og fyrirspurn (2023050453)

Sveinn Enok Jóhannsson sækir um lóðina Hafnagata 8 í Höfnum til að setja gamla húsið að Kleifum (Selströnd) á lóðina. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. júní 2023 var afgreidd umsókn sama umsækjanda um sömu lóð undir húsið Ingólf sem hefur frá árinu 1926 verið staðsett á Selfossi.

Lóðin er ekki laus til úthlutunar. Erindi hafnað.

14. Tjarnabraut - fyrirspurn um þróunarsvæði (2024030271)

Trönudalur ehf. óskar eftir að gera samning við Reykjanesbæ um þróun á reit sem afmarkast af lóðunum Tjarnabraut 26-40 ásamt opnu svæði þar sunnan við. Samningur gengi út á að Trönudalur láti þróa íbúðabyggð á reitnum í samvinnu við Reykjanesbæ. Markmiðið væri að þróa byggð sem myndi heildstætt yfirbragð og falli vel að því sem fyrir er í hverfinu. Hluti af þróuninni er leiksvæði/grenndarvöllur sunnan við íbúðarhúsin. Þá þarf að skoða staðsetningu og útfærslu á biðskýli fyrir strætó sem er á svæðinu. Gert er ráð fyrir því að Trönudalur annist allar framkvæmdir á svæðinu þ.m.t. leiksvæði og göngustíg. Hugmynd Trönudals er að á svæðinu komi einnar hæðar einbýlis- eða parhús en þó er félagið opið fyrir öðrum útfærslum í samvinnu og samráði við Reykjanesbæ.

Stefnt er að úthlutun þessara einbýlishúsaloða innan nokkurra vikna. Erindi hafnað.

15. Grjótás 10 - umsókn um lóð (2024040242)

Kristján V. Grétarsson sækir um lóðina Grjótás 10.

Lóðarúthlutun samþykkt.

16. Brekadalur 40 – umsókn um lóð (2024040155)

Kristinn Á. Gylfason sækir um lóðina Brekadalur 40.

Lóðarúthlutun samþykkt.

17. Afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa nr. 362 (2024010105)

Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri byggingarfulltrúa lagði fram til kynningar fundargerð afgreiðslu- og samráðsfundar byggingarfulltrúa nr. 362 í 11 liðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.



Fundargerð

337. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grófinni 2
3. maí 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Maríanna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri byggingarfulltrúa, Íris Eysteinsdóttir ritari og Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

* * *

1. Samþykkt um djúpgámalausnir í Reykjanesbæ (2023010249)

Anna Karen Sigurjónsdóttir verkefnastjóri sjálfbærnimála mætti á fundinn og kynnti samþykkt um djúpgámalausnir í Reykjanesbæ og leiðbeiningarit. Samþykktin og leiðbeiningarnar eru ætluð lóðarhöfum, húsfélögum, hönnuðum og öðrum þeim sem áhuga hafa á að koma fyrir djúpgámum á lóð.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir samþykkt um djúpgámalausnir í Reykjanesbæ með leiðbeiningum.

2. Grenndarstöðvar (2024040512)

Anna Karen Sigurjónsdóttir verkefnastjóri sjálfbærnimála mætti á fundinn og fór yfir málefni grenndarstöðva í Reykjanesbæ sem eru sex talsins. Fyrstu stöðvarnar voru settar upp um mitt ár 2021, endurmeta átti staðsetningarnar sem valdar voru m.t.t. hentugleika ári síðar. Nú, tæpum þremur árum síðar, hefur engin breyting verið gerð á stöðvunum fyrir utan að tvær þeirra hafa verið færðar til.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framkomna tillögu um áframhaldandi uppbyggingu grenndarstöðva í Reykjanesbæ.

3. Akurbraut 15 - fyrirspurn um deiliskipulagsbreytingu (2023110023)

JeES arkitektar leggja fram fyrirspurn f.h. landeigenda, Tító ehf. Óskað er heimildar til að breyta deiliskipulagi. Á reit fyrir eina einbýlishúsalóð og eina parhúsalóð komi fimm fjölbýlishús með 22 íbúðum. Deiliskipulagið í heild gerir ráð fyrir 32 nýjum einbýlishúsum og einu parhúsi.

Erindi frestað.

4. Lághitaholur - breyting á aðalskipulagi (2024040513)

Breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing og vinnslutillaga VSÓ ráðgjafar 16. apríl 2024. Fyrirhuguð breyting er nýtt iðnaðarsvæði við Vogshól og á Njarðvíkurheiði fyrir lághitaborholu. Breytingin er tilkomin vegna eldsumbrota á Reykjanesi.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að auglýsa skipulagslýsingu og vinnslutillögu samhliða.

5. Lághitaholur við Vogshól og á Njarðvíkurheiði - deiliskipulag (2024040516)

HS Orka óskar heimildar til að vinna og auglýsa tvær deiliskipulagstillögur fyrir borholu á Njarðvíkurheiði og tillögu að deiliskipulagi fyrir borholu við Vogshól samkvæmt uppdrætti VSÓ ráðgjafar ehf. dags 9.4.2024. Markmið skipulagsins er að tryggja að til staðar sé varaleið til heitavatnsframleiðslu ef framleiðsla eða flutningur frá Svartsengi skerðist.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi beggja svæða samtímis auglýsingu á breytingu aðalskipulags.

6. Ásahverfi - möguleikar til viðsnúnings (2024040517)

Fyrir liggur deiliskipulag Ásahverfis, samþykkt í bæjarstjórn 20. nóvember 2006. Stofnaðar hafa verið 128 lóðir en einvörðungu 89 lóðir hafa verið nýttar samkvæmt minnisblaði um lausar lóðir frá landeigendum. Landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi hafa af þessu áhyggjur þar sem þeir þurfa að greiða fasteignagjöld af lóðunum og vilja skoða hvort hægt er að snúa vörn í sókn t.d. með breytingum á nügildandi deiliskipulagi. Hvað veldur því að lítil sem engin eftirspurn er eftir lóðum í hverfinu? Landeigendur báðu Alta um að rýna deiliskipulag Ásahverfis með það fyrir augum að leita mögulegra tækifæra til viðsnúnings.

Umhverfis- og skipulagsráð þakkar framkomnar hugmyndir sem margar væru til bóta en fjölgun íbúða og nýjar húsaagerðir í hverfinu eru ekki í samræmi við áherslur ráðsins sem grundvallast af afstöðu íbúa hverfisins.

7. Göngu- og hjólastígur til Reykjanesbæjar - erindi frá sveitarfélaginu Vogum (2024040519)

Lagt fram erindi frá Sveitarfélaginu Vogum, dags. 16. apríl 2024, um göngu- og hjólastíg milli Reykjanesbæjar og Voga.

Umhverfis- og skipulagsráð fagnar erindinu og samþykkir að taka þátt í hönnun en tekur endanlega afstöðu þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir.

8. Staðsetningar loftgæðamæla (2024040520)

Umhverfisstofnun óskar eftir að koma fyrir loftgæðamælum í fjórum hverfum Reykjanesbæjar, í Njarðvík, Keflavík, Ásbrú og Höfnum.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir tillögu skipulagsfulltrúa að bráðabirgða staðsetningum loftgæðamæla. Unnið verði nánar með Umhverfisstofnun um varanlega staðsetningu mæla, mögulega á sömu stöðum.

9. Sunnubraut 31 - vaktturn á þak sundmiðstöðvarinnar (2024030501)

Ekkert deiliskipulag er fyrir lóðina. Sundmiðstöð er með byggingarár 1987 með síðari breytingum. Óskað er eftir að koma fyrir vaktturni upp úr þaki byggingar á austurhluta lóðar. Hæð turns nær ekki upp fyrir mæni sbr. uppdrætti Tækniþjónustu SÁ ehf. dags. 25. maí 2023.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 43. grein skipulagslaga, málsgrein 3.

10. Seylubraut 1 - aukið byggingarmagn (2024040522)

Með erindi dags. 17. apríl 2024 óska SEN & SON arkitektar, f.h. lóðarhafa, eftir auknu byggingarmagni innan byggingarreits sem settur er fram á meðfylgjandi uppdrætti.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda erindið í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.

11. Háteigur 10 viðbótarhæð - niðurstaða grenndarkynningar (2024030261)

JeES arkitektar, f.h. eigenda, óska eftir viðbótarhæð á Háteig 10, 230 Reykjanesbæ sbr. uppdrátt dags. mars 2024. Húsið var upphaflega hannað sem hús á tveimur hæðum með kjallara, en aðeins fyrsta hæð og kjallari voru byggð. Viðbótarhæð sem sótt er um yrði í samræmi við upphaflegar teikningar, með möguleika á að breyta innra fyrirkomulagi eftir nútímakröfum, hæðir og umfang ytri kápu yrði eins. Grenndarkynningu er lokið. Athugasemdir bárust sem vörðuðu skerðingu á útsýni, skerðingu á næði á svölum og innsýn. Hávaða sem fylgi væntanlegum framkvæmdum var andmælt.

Hávaði vegna framkvæmda er ekki skipulagsmál. Lóð nr. 8 við götuna er nokkuð aðþrengd af lóðum nr. 6 og 10. En tveggja hæða hús á lóð nr. 10 þrengir minna að og veldur ekki meira ónæði en jafn hátt hús á lóð nr. 6. Breytingin samræmist götumynd bæði Hringbrautar og Háteigs sem samfelld röð tveggja hæða húsa. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

12. Grófin 10 - ósk um lóðarstækkun (2024040524)

Lóðarhafi óskar eftir 333 m² lóðarstækkun til norðurs sbr. uppdrátt Verkfræðistofu Suðurnesja dags 19.4.2024.

Við síðustu endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar var hverfið skilgreint sem miðsvæði. Lóðarstækkun samræmist ekki stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu svæðisins. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar erindinu.

13. Iðavellir 3d - gistiheimili (2024040525)

Axjon ehf., eigandi Iðavalla 3d, óskar eftir heimild til að breyta húsnæðinu úr skrifstofum í gistiheimili í samræmi við meðfylgjandi teikningar Riss ehf. dags 3. apríl 2024.

Samkvæmt skilmálum aðalskipulags er hvorki íbúðarhúsnæði né gististarfsemi heimil á athafnasvæðum. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar erindinu.

14. Brekadalur 40 - umsókn um lóð (2024040087)

Húnbogi Þ. Árnason sækir um lóðina Brekadal 40.

Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa fallið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir.

15. Brekadalur 40 - umsókn um lóð (2024040155)

Kristinn Á. Gylfason sækir um lóðina Brekadal 40. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 19. apríl 2024 var Kristni úthlutað lóðin en fyrir mistök var ekki tekin til afgreiðslu önnur umsókn um sömu lóð.

Þar sem ekki voru allar umsóknir um lóðina afgreiddar er úthlutun afturkölluð. Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir.

16. Mælaborð umhverfis- og framkvæmdasviðs (2024040527)

Erindi frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.28



Fundargerð

285. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
18. apríl 2024, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Úlfar Guðmundsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2023 (2024010264)

Á fundinn mætti Jón H. Sigurðsson endurskoðandi frá PricewaterhouseCoopers ehf., endurskoðunarfyrtæki Reykjaneshafnar. Ársreikningur Reykjaneshafnar vegna starfsársins 2023 var lagður fram ásamt endurskoðunarskýrslu endurskoðenda. Helstu niðurstöður rekstrarreiknings eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur.....	kr.	342.601.947.-
Rekstrargjöld.....	kr.	197.306.237.-
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti.....	kr.	145.295.710.-
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna....	kr.	-44.697.732.-
Fjármagnsliðir.....	kr.	-89.742.262.-
Rekstrarhagnaður ársins.....	kr.	10.855.716.-

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir ársreikning Reykjaneshafnar og vísar honum til samþykktar á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshafnar.

2. Njarðvíkurhöfn – dýpkun hafnar (2023080391)

Lögð fram fundargerð með bjóðanda í verkið „Njarðvíkurhöfn suðursvæði, dýpkun hafnar 2024“ ásamt undirrituðum verksamningi í verkið.

3. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á suðurbakka Helguvíkurhafnar.

4. Skipulagsmál í Helguvík (2024040274)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarviðs, fór yfir hugmyndir skipulagsfulltrúa Reykjaneshafnar varðandi breytingar á iðnaðarsvæðinu í Helguvík í aðalskipulagi Reykjaneshafnar.

Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að koma á framfæri við skipulagsyfirvöld þeirri umræðu sem fram fór á fundinum.

5. Solstice Materials ehf. – drög að samkomulagi (2024040275)

Lögð fram drög að samkomulagi við Solstice Materials ehf. varðandi aðstöðu og gjalddöku í tengslum við fyrirhugaða starfsemi þeirra á hafnarsvæði Helguvíkurfafnar.

Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

6. Atvinnustefna Reykjanesbæjar (2023020501)

Drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2024-2034 eru í umsagnarferli hjá nefndum og ráðum Reykjanesbæjar en óskað hefur verið eftir því að viðkomandi skili umsögnum fyrir 1. maí nk. Farið var yfir þær umsagnir sem þegar hafa borist.

7. Cruise Iceland - aðalfundur (2024020131)

Fundargerð aðalfundar Cruise Iceland frá 3. apríl sl. var lögð fram ásamt endurskoðuðum samþykktum félagsins.

8. Verk og vit (2024040277)

Sýningin „Verk og vit“ hófst í dag, 18. apríl í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal og stendur til loka dags þann 21. apríl nk. Reykjanesbær ásamt Suðurnesjabæ, KADECO og ISAVIA standa saman að sýningarbás á sýningunni þar sem lögð er áhersla á þau uppbyggingar- og atvinnutækifæri sem eru í boði á Suðurnesjum undir yfirskriftinni „Suðurnes** – tenging til allra átta“.**

9. Styrktarsjóður EBÍ (2024030512)

Bréf, dags. 21.03.24, frá Brunabótafélagi Íslands þar sem bent er á að opið er fyrir umsóknir í Styrktarsjóð EBÍ.

10. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2024010270)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð sviðsins.

11. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2024010271)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:35.



Fundargerð

9. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
24. apríl 2024, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðmundur Björnsson og Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Gissur Hans Þórðarson verkefnastjóri frá OMR verkfræðistofu, Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Grétar I. Guðlaugsson, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir og Sigurður Garðarsson boðuðu forföll.

* * *

1. Njarðvíkurskóli – viðhaldsframkvæmdir (2023090407)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir áætlun frá Verkfræðistofu Suðurnesja sem inniheldur heildarkostnað við klæðningu á húsinu ásamt því að skipta um glugga. Einnig var framtíðaráætlun verksins kynnt fyrir stjórn. Kynnt var ný tillaga varðandi húsnæði Bjarkarinnar.

Stjórn eignasjóðs samþykkir fyrsta áfanga utanhússframkvæmda við Njarðvíkurskóla ásamt því að skoðað verði hvað sé best í stöðunni fyrir Björkina.

2. Leikskólinn Drekaðalur – nýframkvæmdir (2022100203)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu og Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, fóru yfir stöðu verks. Kynntur var samningur sem gerður var við Hrafshól um að halda áfram með verkið og lagfæra þær skemmdir sem hafa komið upp.

Stjórn eignasjóðs veitir starfsfólki eignaumsýslu fulla heimild til að halda áfram samstarfi við Hrafshól.

3. Leikskólinn Asparlaut – nýframkvæmdir (2021120081)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu kynnti stöðu verks.

Búið er að semja við verktaka og eru þeir að leggja lokahönd á að skila inn gögnum sem óskað var eftir.

4. Myllubakkaskóli – nýframkvæmdir (2021050174)

G. Hans Þórðarson verkefnastjóri fór yfir stöðu verks.

5. Holtaskóli – nýframkvæmdir (2022120120)

G. Hans Þórðarson verkefnastjóri fór yfir stöðu verks.

6. Heiðarsel – nýframkvæmdir (2023090465)

G. Hans Þórðarson verkefnastjóri og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fóru yfir framtíðarsýn fyrir verkið.

Stjórn eignasjóðs styður tillögu þá sem kynnt hefur verið fyrir stjórninni og veitir heimild til að vinna verkið áfram í takt við áætlun.

7. Skólavegur 1 – uppfærsluverkefni (2023030581)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir næstu verk, einnig var farið yfir kostnaðaráætlun og tímaáætlun.

8. Heiðarskóli – uppfærsla á innra skipulagi (2024040348)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir hönnun á breytingum á innra skipulagi skólans ásamt kostnaðaráætlun og verkáætlun.

Stjórn Eignasjóðs felur starfsfólki eignaumsýslu að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:01.



Fundargerð

50. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshöfnar, haldinn að Tjarnargötu 12
26. apríl 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Guðni Ívar Guðmundsson, Hafsteinn Hjartarson, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir verkefnastjóri sjálfbærnimála, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll. Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir sat fundinn í hans stað.

Aneta Grabowska boðaði forföll. Hafsteinn Hjartarson sat fundinn í hennar stað.

Samþykkt var að tekin yrðu á dagskrá málin Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136) og Fundargerðir ráða (2023110092). Fjallað er um málin undir liðum 6 og 7.

* * *

1. Reykjaneshöfn - áætlun um meðferð og flokkun úrgangs (2023110128)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður lagði fram drög að uppfærðri skýrslu um áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa fyrir Reykjaneshöfn.

Áfram verður unnið að skýrslunni sem verður borinn upp til samþykktar á næsta fundi ráðsins.

2. Translating the EU Green Deal into Local Action - ráðstefna í Brussel 15. mars 2024 (2023090350)

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri mætti á fundinn og ræddi um ráðstefnuna Translating the EU Green Deal into Local Action, sem hann sótti fyrir hönd Reykjaneshöfnar í Brussel 15. mars 2024.

Sjálfbærnisráð hvatti bæjarstjórn til að fara á ráðstefnuna til að kynna sér markmið og áherslur sjálfbærnimála í Evrópu. Sjálfbærnisráð mun vinna áfram að málinu með að rýna tillögur og markmið sem komu fram á ráðstefnunni. Umræður á fundinum snéru meðal annars að næsta fundi ungmennaráðs með bæjarstjórn um mikilvægi þessara málefna.

3. Kosningar og fyrirkomulag (2024010180)

Sjálfbærnisráð hefur unnið að handbók um fyrirkomulag forseta- og alþingiskosninga frá áramótum. Í vinnunni var handbókin borin undir formann yfirkjörstjórnar, lögfræðing auk verkefnastjóra gæðamála hjá Reykjaneshöfn sem jafnframt er verkefnastjóri kosningamála. Sjálfbærnisráð hefur einnig yfirfarið handbókina en handbókin verður svo formlega staðfest í bæjarstjórn. Handbókin verður að lifandi skjali í eign Reykjaneshöfnar.

Sjálfbærniráð samþykkir handbók um kosningar og fyrirkomulag þeirra í forseta- og alþingiskosningum.

4. Samfélagsgreiningar (2021030491)

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir teymisstjóri ráðgjafar- og virkniteymis mætti á fundinn og kynnti samfélagsgreiningu fyrir Reykjanesbæ ásamt mælaborði sem þróað hefur verið út frá henni. Arnþór Elíasson og Maciej Baginski rekstrarfulltrúar mættu einnig með henni.

Árið 2020 gerðu sveitarfélögin á Suðurnesjum ásamt Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum samkomulag við Hagstofuna um samfélagsgreiningu á Suðurnesjum sem yrði haldið áfram í fjögur ár. Árið 2021 kom svo út skýrsla sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en markmið hennar var að kanna lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa á Suðurnesjum.

Sjálfbærniráð þakkar mjög góða kynningu. Samfélagsgreiningin er mikilvæg fyrir Reykjanesbæ og veitir góða innsýn um samfélagið. Ráðið sér mikinn hag í áframhaldandi greiningu og aukna nýtingu gagnanna en samningurinn rennur út í ár. Hægt væri að bæta við kosningaþátttöku íbúa við greininguna til frekari rýni.

5. Atvinnustefna Reykjanesbæjar - umsögn (2023020501)

Atvinnu- og hafnarráð óskar eftir umsögn um drög að atvinnustefnu Reykjanesbæjar 2024-2034.

Sjálfbærniráð felur Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur formanni að skila inn athugasemdum ráðsins til atvinnu- og hafnarráðs.

Þórunna Kristín Jónsdóttir (B) lagði fram umsögn.

6. Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga (2022110136)

Reykjanesbær er ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum (Akureyri, Fjallabyggð, Reykhólahreppi og sveitarfélaginu Hornafirði) þátttakandi í verkefni sem snýr að aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ásamt veðurstofunni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannís, Samtökum atvinnulífsins og Bændasamtökunum eru að undirbúa styrkumsókn til LIFE-áætlunar Evrópusambandsins til innleiðingar á aðlögunaráætlun Íslands vegna loftslagsbreytinga. Sveitarfélögunum fimm sem eru þátttakendur í C10 hefur verið boðið að taka þátt í umsókninni.

Sjálfbærniráð tekur jákvætt í verkefnið og vísar erindinu í bæjarráð.

7. Fundargerðir ráða (2023110092)

Farið var yfir fundargerðir ráða út frá sjálfbærnisjónarmiðum.

Engar athugasemdir komu frá fulltrúum sjálfbærniráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.10.